

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas hr. Marini Færanleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	20.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Hlaðbær-Colas hr. Marini	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhella 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Steingrímur Bragason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirliti en eitt eldra frávik er enn opið.

Ein ábending var gerð um að merkja geymi fyrir viðloðunarefni til þess að forðast mistök og óhöpp.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið mengunarvarnaeftirlit í Marini-stöðina, færanlega malbikunarstöð Hlaðbæjar-Colas. Stöðin hefur verið staðsett á Keflavíkurlflugvelli frá því að hún kom ný til landsins árið 2016.

Við skoðun á verksmiðjunni voru Harpa Þrastardóttir gæða-, umhverfis-, og öryggisstjóri fulltrúi Hlaðbæjar Colas hf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Steingrímur Bragason, deildarstjóri framleiðsludeildar bættist svo í hópinn þegar rafrænn eftirlitsfundur var haldinn síðdegis.

Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnkerfi og úttektir vottunaraðila framkvæmdar í samræmi við það. BSI er vottunaraðili umhverfisstjórnunarkerfisins og fór endurvottun fram í mars sl. og gildir til 24. apríl 2023. Umhverfisstefna rekstraraðila er birt á heimasíðu fyrirtækisins.

Nýlega færðist útgáfa starfsleyfa og eftirlit með færanlegum malbikunarstöðvum frá heilbrigðisnefndum til Umhverfisstofnunar og nú stendur yfir vinna við gerð nýs starfsleyfis fyrir stöðina.

Við skoðun á staðnum voru frárennismál skoðuð. Ekkert frárenniskerfi er á svæðinu en rigningarvatn rennur niður í gljúpt undirlagið. Akstursleiðir hafa þó verið lagðar fræstu malbiki en engin niðurföll né frárennsli er til staðar. Einungis er lokað kerfi fyrir þvotta- og klósettaðstöðu í gámi yst á svæðinu.

Skoðað var hreinsivirki í útblæstri. Krafa er um að mæli sífellt ryk frá þurrk- og blöndunartækjum eða að pokahús séu búin búnaði sem gefur viðvörðun þegar pokar rifna. Þetta er frávik frá árinu 2018. Búnaður til símælinga hefur verið í prófun í stöðinni í Gullhelli en reynsla af honum var ekki góð.

Skoðaðir voru olíugeymar á svæðinu og voru samtals sex geymar sem fundust. tveir bikgeymar, þrjú olíugeymar, bæði beintengdir húsageymar og eins neyslugeymir með áfyllingarbúnaði til dælingar á tæki. Einn ómerktur geymir fannst en að sögn rekstraraðila geymir hann viðloðunarefni sem bætt er í malbik, svokallað evotherm. Bent er á að merkja geyminn til þess að forðast mistök við áfyllingu.

Skoðaðir voru efnishaugar á svæðinu og almenn umgengni. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá rafræns fundar:

1. Farið yfir stöðu fráviks og ábendinga hjá Marini stöðinni (2018 og 2019)
2. Staða starfsleyfis - gildistími
3. Kröfur í starfsleyfi
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
5. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

1. Undanfarin ár hafa þrjú frávik verið skrifuð upp og farið fram á úrbætur. Tveimur atriðum er lokið, þ.e. framkvæmd hljóðmælinga við verksmiðjuna og gerð áætlunar um skráningar á viðhaldi og eftirliti með rykhreinsibúnaði. Stofnunin hefur fengið senda niðurstöðu hljóðmælinga sem gerðar voru í júlí 2019 og uppfyllti stöðin kröfur um hávaða. Rétt er að endurtaka hávaðamælingu þegar stöðin verður færð á nýja staðsetningu. Áætlun um skráningar á viðhaldi og eftirliti með hreinsibúnaði byggir á daglegum, vikulegum og mánaðarlegum úttektum og skráningum á niðurstöðunum.

Eitt frávik er enn opið en það snýr að símælingum á ryki frá þurrk- og blöndunartækjum eða að pokahús séu búin búnaði sem gefur aðvörðun þegar pokar rifna. Úrbótaáætlun rekstraraðila miðaði að því að setja upp mæli til símælinga á ryki og átti þeim framkvæmdum að vera lokið. Úrbótaáætlunin hefur ekki gengið eftir og því er óskað eftir uppfærðri tímasettri úrbótaáætlun um lausn á frávikinu.

2. Starfsleyfi Marini-stöðvarinnar er gefið út af HHK í maí 2016 og gildi til 1. desember 2019. Umhverfisstofnun

framlengdi starfsleyfið til 1. desember 2020 og vinnur nú að gerð nýs starfsleyfis.

3. Farið var yfir kröfur starfsleyfisins og gögn sem þurfa að liggja fyrir. Stöðuleyfi var skoðað, áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun, áætlun um rekstur rykhreinsibúnaðar. Niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið voru skoðaðar og bornar saman við losunarmörk fyrir verksmiðjuna. Ekki eru gerðar athugasemdir við niðurstöður útblásturmælinga né hljóðmælinga. Ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar liggur fyrir. Farið var yfir fyrirkomulag við meðhöndlun úrgangs og skráningar sem kröfur eru um. Stefnt er að rafrænni skráningu í miðlægan gagnagrunn félagsins.

4. Í áhættumati Umhverfisstofnunar sem gert er til að meta tíðni eftirlitsferða fékk Marini-stöðin einkunnina 12 (B) og skal hljóta árlegt eftirlit. Farið var yfir hvar möguleikar rekstraraðila liggja til þess að fá sjaldnar eftirlit, og miðað við útkomu síðast árs féll matið á því að ekki hafði verið lokið við þær mælingar sem krafist er og eins að vinna í gerð verklýsinga og skipulagi á þjálfun starfsmanna og skráninga á þjálfuninni. Áhættumatið verður endurskoðað í haust.

5. Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; *2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma* var afhent í eftirliti og óskað eftir að olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir. Rekstraraðili hefur sent stofnuninni útfyllta skýrslu.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að merkja geymi fyrir viðloðunarefni (Evotherm) sem er hluti af malbikunarstöðinni. Góðar merkingar gætu forðað óhappi.

ANNAD


Úrbótaáætlun rekstraraðila vegna fráviks frá 2018 um að setja upp mæli til þess að fylgjast með rifnum pokum gekk ekki eftir.

Óskað er eftir nýrri tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviksins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2020



Gottskálk Friðgeirsson